

Íslenskur aðall á leiðinni til elskunnar sinnar

Pavel Vondříčka

Íslenskar bókmenntir síðari alda
Haustmisseri 2008

Fátækur aðall frá Hala

Ekki er auðvelt að setja Þórberg Þórðarson í samhengi við íslenska bókmenntasögu. Hann byrjar sem nýrómantískur skáld en þroskar fljótt og byrjar að skrifa á nýjan hátt sem bendir til móðerníisma. Flest verk hans eru byggð á sjálfsævisögulegum grunni, en ýkjur og íronía eru grundvallar sérstakra húmors sem einkennir verk hans. Hann var mjög margbreytilegur persónuleiki: rithöfundur, húmoristi, spekingur, sósíalisti, dulspekingur og spíritisti, esperantisti, orða- og þjóðsagnasafnari, og kannski líka heimspekingur, jarð- og náttúrufræðingur,.

Þórbergur Þórðarson er fæddur 12. mars 1888 (en 1889 samkvæmt foreldrum hans) á bænum Hala í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu sem í þann tíma var eitt afskekktasta byggðarlag á Íslandi.¹ Hann átti tvo yngri bræður og eina systur, en sem barn „var hann sagður veiklulegur og þoldi illa erfiðsvinnu“.² Þess vegna var ákveðið að bróðir hans Steinþór tæki við búinu, en Þórbergur fór snemma til Reykjavíkur (árið 1906) til að fá menntun og byrja að sjá fyrir sér sjálfur.

Hann vann á fiskiskipum í nokkur ár, að mesta leyti sem kokkur. Þá hóf hann nám við Kennaraskólann árið 1909 en skipti bráðum í nám utan skóla á Menntaskólanum í Reykjavík. Hann var fátækur og oft hungraður á þessum tíma. Það var erfitt að fá vinnu vegna almenns atvinnuleysis. Honum tókst ekki að ljúka gagnfræðaprófi og vegna þess gat hann heldur ekki tekið próf í Háskólanum. Hann fór samt í fyrirlestra sem voru opnir öllum og stundaði sjálfsnám í nýstofnaða Landsbókasafninu. Mjög mikilvæg á þessum erfiðu árum var hjálp sem hann fékk frá mæðginum Unu og Erlendi í Unuhúsi. Unuhús var einnig orðið lítil menningarmiðstöð skálda og listamanna í Reykjavík – þar hittu Þórbergur t.d. Stefán frá Hvítadal, Guðmund G. Hagalín eða Halldór Laxness.

Þórbergur varð kennari við Iðnskólann og Verslunarskólann á árunum 1918-1925. Á þessum tíma fékk hann líka áhuga á dulspeki og guðfræði og fór til Evrópu vegna þess. Hann varð líka ævilangur stuðningsmaður Stalíns og Sovétríkjanna. Árið 1925 fékk hann mikinn áhuga á esperanto. Hann var heiðursfélagi í Skaftfellingafélaginu og Rithöfundafélaginu og var einnig kosinn

1 Við samantekt á æviatriðum Þórbergs styðst ég mest við eftirfarandi heimildir: Wikipedia 2008, Soffía 2008, Þórbergssetur 2006, Halldór 2006 og Íslensk Bókmenntasaga 2006.

2 Wikipedia 2008,

heiðursdoktor við Háskóla Íslands stuttu áður en hann lést í Reykjavík árið 1974.

Fyrstu bækur sem Þórbergur gaf út voru ljóðabækur sem komu út undir dulnefninu Styrri Stofuglamm (*Hálfir skósólar*, 1915; *Spaks manns spjarir*, 1917). Seinna komu út nokkrar greinir Þórbergs í tímaritunum *Eimreiðinni* (*Ljós úr austri*, 1919) og *Skinfaxa* (*Palladómar*).

Mikilvæg umbrot bæði í íslenskum bókmenntum og lífi hans var bókin *Bréf til Láru* sem kom út árið 1924. Hann hlaut fljótt landsfrægð og peninga en missti hins vegar kennarastarfið sitt vegna pólitískra og trúarlegra skoðanna sinna. *Bréf til Láru* er brautryðjandaverk í íslenskum bókmenntum saman ásamt *Hel* (1919) eftir Sigurð Nordal og *Vefaranum mikla frá Kasmír* (1927) eftir Halldór Laxness, fyrstu móðernísku verkum í íslenskum bókmenntum sem brjótast út úr gömlu íslensku frásagnarhefðinni og innleiða nýjar listrænar stefnur 20. aldar í bókmenntir hérlendis. „Með þessum bókum hafa menn talið að íslenskar nútímabókmenntir hefjist“.³ Eftir langt hlé komu næst út hin tvö mikilvægu sjálfsæfisögulegu skáldverk hans: *Íslenskur aðall* (1938) og *Ofvitinn* (1940-41).

Önnur fræg verk Þórbergs eru bækur um líf í Suðursveit, t.d. *Steinarnir tala* (1956) og *Rökkuróperan* (1958). Árin 1954-55 kom út *Sálmurinn um blómið I-II*, bók um samskipti Þórbergs og Lillu Heggu, bróðurdóttur konu hans Margrétar. Eftir ferðalag til Sovétríkjanna skrifaði hann bókina *Rauða hættan* (1935). Þeir Sigurður Nordal gáfu einnig út *Gráskinnu* (1928-36), safn þjóðsagna í fjórum bindum.

Íslenskur aðall

Íslenskur aðall er eitt af þremur verkum Þórbergs sem lýsa líf og skoðunum hans á unglungaárum. Hann tekur upp einn þráð úr *Bréfi til Láru* en *Íslenskur aðall*, sem lýsir sumarinu 1912 og atburðum þess, hæfir einnig vel inn í sögu *Ofvitans* sem lýsir öllu tímabilinu frá vorinu 1909 til sumarsins 1913. Í þessum verkum hefur hann skapað nýja tegund í íslenskum bókmenntum: *skáldævisöguna*, samblöndun skáldsögu og (sjálfs)ævisögu. Mikið hefur verið deilt um að hve miklu leyti bókin er sjálfsævisaga í raun og veru. Hún snýst aðallega um tvö efni:

- 1) Aðalefni bókarinnar er óendurgoldin ást aðalpersónunnar til stúlku sem hann getur ekki

3 Íslensk bókmenntasaga 4: 23

náð hæfilegu sambandi við. Þetta efni endurspeglast vel í titlum þýðinga bókarinnar í öðrum tungumálum: *In Search of my Beloved* á ensku, *Unterwegs zu meiner Geliebten* á þýsku, *Na puti k ljubimoj* á rússnesku eða *Undervejs til min elskede* á dönsku.

- 2) Bókin er vitnisburður um líf, skoðanir og þróun aðalpersónunnar en einnig heillar kynslóðar í byrjun 20. aldar. Þetta felst hins vegar í íslenskum titli *Íslenskur aðall*, eins og kaldhæðnislegum tóni sem einkennir alla bókina.

Þessar tvær skoðanir á efni bókarinnar sýna mismunandi álit á verkinu og það sem lesendum (eða þýðendum) finnst mikilvægast. Þær sýna einnig margfelldni skáldsögunnar. En miklu meira er fólgið í henni: kaldhæðni og sérstakur stíll og húmor Þórbergs koma fram í sögunni, gera hana að skemmtilegum lestri og munu þau einnig varpa ljóst á því hvað er endanlegt markmið hennar.

Ástarsagan

Soffía Auður Birgisdóttir hefur gert góða grein fyrir samband ástarsögu Þórbergs í *Íslenskum aðli* með veruleikanum.⁴ Hún sýnir með bréfum og öðrum heimildum Þórbergs að tilfinningar hans til „Elskunnar“ (sem hefur án efa sína fyrirmynd í persónu Arndísar Jónsdóttur) eru mjög óljósar: samband þeirra hefur aldrei verið meira en vinskapur, en ekki er útilokað að Þórbergur var með rómantískar hugsanir um persónu hennar í einhvern tíma. Erfitt er að segja hvort þessar hugsanir voru eins sterkar og han lýsir í bókum sínum. Sem Soffía segir: „Af dagbókum má ráða að einhverjar tilfinningar hefur Þórbergur borið í brjósti til Arndísar en í *Íslenskum aðli* hefur hann þær upp í æðra veldi í samræmi við þau lögmál sem frásögnin krefst.“⁵ Henni finnst að Þórbergur ýkir tilfinninga til að skopstæla „hina rómantísku ástarsögu“ í frásögninni sinni:

Hann hefur tilfinningar sínar til Arndísar upp í „æðra veldi“ rómantíkur og goðsagnar, ýkir þær gegndarlaust þar til þær eru orðnar stórkostlega hlægilegar. Ef þetta er saga um „elskendur sem var ekki skapað nema að skilja“ þá er hún það með öfugum formerkjum: Elskan hefur ekki hugmynd um tilfinningar elskhugans og kærir sig líklega kollóta um þær. Öll frásögnin af tilfinningum elskhugans er í útblásnum ýkjustíl frá upphafi til enda. Tilfinningalífið sveiflast frá hæstu hæðum til dýpstu lægða og aftur upp á örskotsstundu. Og allt er þetta óborganlega fyndið.⁶

En Soffía gengur enn lengra. Hún sýnir tilvísanir Þórbergs til Dons Kíkóta og spyr hvort þessi

4 Soffía 2001

5 Soffía 2001, bls. 277

6 Soffía 2001, bls. 278

tvö verk gætu hafið sameiginlegan tilgang: „Getur verið að Þórbergur hafi ætlað sér að ganga af hinni rómantísku ástarsögu dauðri með *Íslenzkum aðli*, á líkan hátt og Cervantes gekk af riddarasögunni dauðri með *Don Kíkóta*?“⁷ Ef samanburður er gerður á þeim verkum sem Þórbergur hefur lesið (og skrifað!) á unglungaárum og áhuganum hans seinna í lífinu (sósíalismi og raunverulegt líf), er nauðsynlegt að koma til sömu niðurstöðu og Soffía:

Það er því óhætt að slá því föstu að hann hafi verið afar vel að sér í rómantíkinni og nýrómantíkinni sem var við völd í kveðskapnum á þeim tíma þegar hann er að hefja sinn skáldferil. Það er því með öðrum orðum hinn mikli áhrifavaldur hans í æsku og á unglingsárum, rómantíkin, sem hann ræðst gegn með skopið og háðið að vopni þegar hann byrjar að skrifa.⁸

Með tilliti til æfilanga áhuga hans á ýmsum „stórkostlegum“ hugmyndakerfum eins og kommúnisma, dulspeki og esperanto er hins vegar augljóst að Þórbergur hætti aldrei að vera mikill draumóramaður í raun og veru.

Í góðu samræmi við þessi rök er hægt að ganga enn lengra og skoða hvaða hlutverk spilar „Elskan“ í bókinni. Hún er aldrei nefnt á nafni og skiptir þetta nefnilega engu máli. En hún kemur einnig sjaldan fram í atburðarásinni. Hún er næstum bara ímyndun sögumanns og kraftur sem drifur hann áfram, sjálfur Eros, en varla meira: raunveruleg stúlka, sem er persónugerving „Elskunnar“, segir honum ekki alveg svo mikið:

Ég var ógurlega sneypur. Mér fannst allar þjáningar mínar hafa verið til einskis. Allur flótti minn hafa verið sjálfblekkjandi kjánaskapur, óvitahlaup undan innantómum hugsanagervum. Allir loftkastalar mínir um draumalandið í sólfáguðu heiði bak við þokur fjallanna siðlaus skortur á sannleiksást. Öll heilabrot mín um áningarnar í dýpstu hvömmunum heimaalningslegt ofmat á persónu hennar. Og að vera nú kominn hingað norður að Íshafi burt frá sumri og sól bara upp á þetta!

Ég sá allt í einu, að þetta draumaland mitt var orðið ljótasti útkjálki jarðarinnar. Mér fannst ég meira að segja ekki vera agnarvitund skotinn í henni lengur, botnaði jafnvel ekkert í, að ég skyldi nokkurntíma hafa verið það. Smædd bæjarins megnaði ekki einu sinni að varpa yfir ófrýnleik hennar, þarna sem hún stóð í taðgallanum úti á stéttinni, daufum bjarma þeirrar göfgi hjartans, sem frómar sálir höfðu innrætt mér að einkenndi sanna ást.⁹

Þetta eru fyrstu hughrifin sem sögumaður fær þegar hann kemur til Hrutafjarðar og hittir „Elskuna“ á heimabænum hennar. Ekki batna þau miklu meira þegar hann kemur í fjörðinn annað sinn í haust („Mér hnykkti við. Var þetta þá fjörðurinn hennar?“¹⁰). En þá þorir hann ekki að hitta hana, heldur gengur framhjá bænum. Hann er frekar algjörlega hræddur við að hitta hana og vill

7 Soffía 2001, bls. 283

8 Soffía 2001, bls. 282

9 Íslenzkur aðall, bls. 22

10 Íslenzkur aðall, bls. 172

ekki láta sig sjást. Hann hikar þegar það kemur að því að hann myndi koma til bæjar („Það vildi ég, að þessi nótt tæki aldrei enda.“¹¹), byrjar að fresta ferð sína („Svo lallaði ég af stað og gekk hægar og hægar, eftir því sem ég þokaðist nær hinum heilögu heimkynnum elskunnar minnar.“¹²) o.s.frv. Loksins *smeygir hann sér tafarlaust* út úr hótelinu og kaupstaðnum¹³ og *skýst framhjá síðasta bænum* þar sem hugsanlegt er að „Elskan“ gæti dvalið:

Eftir hér um bil hálf annars göngu var ég kominn inn undir Fjarðarhorn, síðasta bæinn, sem ég gat ímyndað mér, að elskan mín væri stödd á. Vegurinn lá rétt að segja um bæjarhlaðið. En ég stanzaði ekkert á hlaðinu. Ég bað ekkert um vatn að drekka. Ég tók bara eftir til fótanna og skaut sem fugl flygi fyrir allar dyr og glugga, til þess að síður yrði tekið eftir mér heiman úr bænum. Og þegar líkami og sál voru komin í jafnvægi eftir þessi síðustu átök til að bjarga mannorði okkar beggja, sagði ég rólegur við sjálfan mig: Þetta gerir annars ekkert til. Við hittumst hvort sem er í Reykjavík eftir hálfan mánuð.¹⁴

Hættan er yfirkomin og sögumaðurinn róast og fer aftur í heim draumanna sinna. Hann hættir aldrei að dreyma um elskuna sína. Þrátt fyrir framhjágönguna ímyndar hann sér ennþá að hann þoli alla erfiðleika á leiðinni hennar vegna („Ó, að fætur elskunnar minnar fyndu aðeins snöggvast, hvað ég verð að leggja á mig hennar vegna!“¹⁵).

Aðgerðaleysi sögumanns er aðalatriði í ástarsögunni:

Ha-ha-ha-a! Í dag skal eitthvað gerast, sagði ég við sjálfan mig. Hvers vegna í dag? Hafði ég ekki hugsað mér heilan vetur, að nú skyldi eitthvað gerast í dag eða á morgun? En gerðist nokkur tíma neitt? Ég sagði við sjálfan mig, þegar hún sat á móti mér kafrjóð og ólgandi við miðdegisborðið: Þetta helvíti gengur ekki lengur. Nú verður eitthvað að gerast í kvöld. Svo kom kvöldið. [...] Þá sagði ég við sjálfan mig: Jæja, það er annars nógur tími á morgun. Svona liðu öll kvöld og allir morgundagar vetrarins. Og það gerðist aldrei neitt.¹⁶

Í staðinn fyrir að tjá henni ást sína, seggir hann henni aðeins frá þeirri speki sinni sem er alveg í berhöggi við alla drauma hans og örugglega ekki besti vegurinn til að ná alvarlegt samband við stúlku:

Þegar ástfanginn er kvæntur sinni elskuðu, hættir hann smám saman að tilbiðja í henni sálina, vegna þess að hann er farinn að þekkja hana. Þess vegna eru flest hjónabönd tilbeiðslulausa ásigkomulag í alheiminum.¹⁷

Allt bendir til þess að sögumaðurinn *vill* ekki ná samband við elskuna sína. Hann langar

11 Íslenzkur aðall, bls. 172

12 Íslenzkur aðall, bls. 173

13 Íslenzkur aðall, bls. 178

14 Íslenzkur aðall, bls. 179

15 Íslenzkur aðall, bls. 182

16 Íslenzkur aðall, bls. 23

17 Íslenzkur aðall, bls. 31

aðeins að *tilbiðja* hana. Það er ekki hún sem er mikilvæg í ástarsögunni heldur ímynd hans og draumar um ást. Þeir eru *rómantískir* og *skáldlegir*. Það er raunverulegt samband manneskja hins vegar ekki. Raunveruleikinn er bara leiðinlegur af því að hann eyðileggir alla ástina og rómantíkina.

Aðall andar

Ég reyndi að sýna að ástarsagan í *Íslenskum aðli* er ekki nein ástarsaga í raun og veru, heldur aðeins hlutur andlegrar sögu sögumannsins. Hún passar vel í aðalefni bókarinnar: lýsing á íslenskum aðli.

Oskar Bandle gerir samanburð á lýsingum í *Íslenskum aðli* og allmennu hugtaki *boheme*, og finnur margt sameiginlegt og nokkur séríslensk atriði.¹⁸ Hann gengur út úr orðskýringu Helmut's Kreuzers:

Kreuzer definiert den Begriff Boheme als 'eine Subkultur von Intellektuellen – in denjenigen industriellen oder sich industrialisierenden Gesellschaften des 19. und 20. Jahrhunderts, die ausreichend individualistischen Spielraum gewähren und symbolische Aggressionen zulassen –, Randgruppen mit vorwiegend schriftstellerischer, bildkünstlerischer oder musikalischer Aktivität oder Ambition und mit betont un- oder gegenbürgerlichen Einstellungen und Verhaltensweisen' (S.V.).¹⁹

Lausa félagið ungra manna, íslensks aðals, sem hittist á Siglufirði og á Akureyri hæfir alveg vel þessari skýringu. Þeir eru vinir sem þekkjast áður frá Reykjavík. Flestir þeirra koma frá sveit og hafa þurfið að slíta bönd við bændasamfélagið, en það kom ekki að raunverulegu rofi við hefðina hjá unglingum á Íslandi.²⁰ Þeir mætast á hótelnunum eða á veitingastöðum og hafa áhuga á nýjum listrænum og heimspekilegum stefnum. Þrátt fyrir að vera mjög ólíkar týpur, strækjast þeir efir (ný)rómantískum hugsjónum og frumleiki. Þá langar að verða *séni*:

Það var ekki um að villast. Þetta var sénið. Svona hafði tign þess mótast í meðvitund ungra manna á fyrsta og öðrum áratug aldarinnar: afskaplega gáfaður, öðruvísi en allt annað fólk, skínandi snauður, sundurtættur af bölsýni lánlausrar ævi, stóð uppi við símastaura, þegar aðrir sváfu, snýtti sér í sokkinn sinn, af því að hann átti ekki aura fyrir tóbaksklút, gat ekki drekkt sér vegna kulda. [...] Já, það var gaman að vera skáld og spekingur á þessum árum.²¹

Íslensk aðall dýrkar gamla hugtakið *séni* sem er svo gamalt sem þýsk hreyfing *Sturm und Drang*. Hugsjónin er gömul en nýja kynslóðin leitar að nýjum ímyndum:

18 Bandle 1976

19 Bandle 1976, bls. 34

20 Bandle 1976, bls. 37

21 Íslenzkur aðall, bls. 8

Á þessum leitandi æskuárum vorum við sísolgnir í óvenjulega atburði, hungraðir og þyrstir í allt, sem var eitthvað frábrugðið hinum marglíflða hversdagsleika lífdaganna. Þessi kitlandi bruni rak okkur á hnotskóg í hvern krók og kima eftir frumlegum hugsunum, einkennilegu látbragði, óvenjulegum lifnaðarháttum, sérstæðum persónum. Það var leitin að sénéinu í tilverunni, þráin eftir félagsskap, sem væri í þægilegri samhljóman við sénéið í okkar eigin brjósti.²²

Allt mælist í verði eftir því hve *skáldlegt* það er. Og skáldlegt er örugglega ekki það sem er hefðbundið:

Og mér fannst ég elska hana minna í hvert sinn, er hún söng þetta vorþyrsta lag við svona ómerkilega vísu. Hefur hún virkilega ekki vit á skáldskap? Það var feiknalegur álitshnekkir fyrir heimsstyrjöldina miklu að hafa ekki vit á skáldskap. Það var allt leiðinlegt fólk, sem ekki hafði vit á skáldskap. Og það kom ekki til mála, að ungur maður gengi í hjónaband með stúlku, sem hafði ekki vit á ljóðagerð sénéanna.²³

Engin orðskýring á hugtakinu *skáldlegur* kemur fram í textanum, en lesandanum er oft óbeint tjáð hvað er skáldlegt og hvað er óskáldlegt:

Félagar mínir voru sjóveikir, og var allt háttalag þeirra hið aumkunarlegasta. Þeir hnipruðu sig rænulitlir inn í fatalausar kojukrubbur niðri í skítugri og kolsýrustækri lúgarsholu og voru nú ekki neitt skáldlegir lengur.²⁴

Hvað er þetta, mannandskoti? Ætlarðu að drepa þig?

Svona gátu viðskipti okkar stundum fengið allt í einu nokkuð óskáldlegan tón.²⁵

Skáldlegt er að vera öðruvísi. Tryggvi Svörfuður er með dularfullt nafn, og ekki bara venjuleg faðerni; hann er klæddur öðruvísi og hann gengur með lonéttur.²⁶ Þetta (og miklu meira) gefur honum í augu ungs aðals þvílíka glæsímennsku að enginn hugsar um hvernig sé að hafa lélega sjón:

Þessi útbúnaður varp þvílíkra glæsímennsku yfir fas hans og framkomu, að sumir okkar þráðu ekkert fremur en að vera orðnir ofurlítið nærsýnir til þess að við gætum haft lonéttur. Einstaka fengu sér meira að segja gylltar lonéttur með rúðuglerjum, sem þeir settu upp, þegar þeir vildu vera tígulegir, einkum ef áhorfendurnir voru ungar stúlkur.²⁷

Á sama hátt finnst sögumanni glæsilegt að hafa óvenjulega stóra pípu: það myndi gefa honum ímynd spekingar og virðuleik í augum sambýlinga.²⁸ Ímynd er það sem ungmennir leita að. Mikilvægt er líka að hafa ákveðin *skoðun*: „Að vera „fastur fyrir í skoðun“ var talinn miklu lofsverðari eiginleiki en að leita sannleikans og réttlætisins. Það skipti engu máli, hvort skoðunin

22 Íslenzkur aðall, bls. 123

23 Íslenzkur aðall, bls. 38

24 Íslenzkur aðall, bls. 65

25 Íslenzkur aðall, bls. 66

26 Íslenzkur aðall, bls. 75-76

27 Íslenzkur aðall, bls. 76

28 Íslenzkur aðall, bls. 104

var skynsamleg eða eintóm bölvuð vitleysa.“²⁹ Og alveg eins og nútímaunglingum finnst íslenskum aðli líka stórkostlegt að vera siðferðislaus og *beitt í þjónustu hins illa* frekar en að vera *frómur og ráðvandur*.³⁰

Íslenskur aðall er ekki eins mikið hrifinn af náttúrunni og rómantíkusar í Evrópu: „Náttúrukennnd okkar líktist á þessum árum fremur forakt en aðdáun.“³¹ Þá fara strákar í náttúruferð aðeins vegna þess að þeir ætla að gera hana að „stórkostlegast[a] útreiðatúr, sem nokkurntíma hefði verið farinn á Íslandi.“³²

Aðall og ástin

Hugtakið *frjálsar ástir* er íslenskum aðli ekki svo vel kunnugt og öðrum *bohème*-félögum. Einasta undatekningin er kannski Stefán frá Hvítadal. Þórbergur og aðrir félagar hans eru bundnir frekar hefðbundnum rómantískum og næfum ímyndum um platóníska ást. Þórbergur grínast opinbert þessum ímyndum t.d. í samtali sögumannsins við Tryggva. Þá segir Tryggvi m.a. um það hvernig hann einu sinni fékk ástina sína endurgoldna:

Það var svoleiðis, að við vorum saman eitt kvöld í glaða-tungsljósi á skautum utan við Oddeyrina. Þá duttum við allt í einu bæði og runnum barm við barm niður dálitla brekku, þannig, að andlitin á okkur sneru saman og ég sá beint inn í þessi hyldjúpu, bláu augu, sem tindruðu móti tungsljósinu. Það var sælasta stund, sem ég hef lifað, og þá bað ég þess með tárin í augum, meðan við runnum niður brekkuna, að svona mætti allt líf okkar verða.³³

Þessir strákar nota venjulega mjög sterk og dramatísk ord um tilfíngangalíf sitt, þrátt fyrir að ekkert gerist í raun og veru nema í hugsunum þeirra. Ástin Þórbergs er ekki undantekning, heldur passar hún vel í þennan heim.

En íslenskan aðal langar ekki að fá ástina endurgoldna og þrána fullnægða. Það er einmitt *þráin* sem er svo *skáldleg* í ástinni og ekkert annað: „En hvers virði væri þá lífið? Ef þetta veitti þránni fullnægingu, þá yrði það hversdagslegt, óskáldlegt, órómantískt. Dulrænu heimana mátti umfram allt ekki afhjúpa. Þránni mátti ekki fullnægja. Þjáninguna mátti ekki lækna.“³⁴ Fyrirmynd

29 Íslenskur aðall, bls. 92

30 Íslenskur aðall, bls. 112

31 Íslenskur aðall, bls. 130

32 Íslenskur aðall, bls. 130

33 Íslenskur aðall, bls. 82

34 Íslenskur aðall, bls. 88

aðals eru óhamingjusöm skáld, óhamingja og hryggð bæði í lífi og ástum: „Það var fallett að þjást. Það var fínna að ganga með samanbitinn heimshryggðarsvip á andlitinu en að gapa af lífsgleði.“³⁵ Eða í stuttu sagt: „Hundarnir voru glaðlyndir. Sókrates þjáðist.“³⁶ Það versta sem getur komið fyrir rómantískt skáld er nefnilega endurgoldin ást:

Ástarógæfa hans reis nú öll af því, að hann fékk kærleik sinn skilvíslega endurgoldinn hjá meyjuni. Það var svo óskáldlegt. Það var svo hættulegt fyrir heimshryggðina, svo eyðileggjandi fyrir þjáninguna, að skáldið varð að taka sér nokkurra daga frí frá farsæld ástarinnar og steypa sér á sundurtætandi fyllirí og eitthvað fleira. Og þegar hann hvarf aftur iðrandi að fótum meyjunnar, siðferðilega húðflettur og hjartablaður, þá þóttist hún hvorki vilja heyra hann né sjá. Þar með var tilganginum náð. Hin dimma heimshryggð, hin húðstrýkjandi þjáning hvolfdu sér nú aftur yfir sál hans, og hann orti hástemmd sorgarljóð um voðalega ólánsama elskendur, sem grimmar nornir hnepptu í fjötra illra álaga, svo að þeir fengu aldrei að njóta ásta sinna í lífinu.³⁷

Skáld er hins vegar ekki ánægt aðeins með óhamingjusöm ljóð sín. Hann langar að deyja dramatískum dauða – kannski ekki í raun og veru, en hann langar auðvitað að hafa áhorfendur: „Og hvers virði er þá dauðinn einum heimshryggðum rómantikusi, ef hann hefur enga áhorfendur að hinni stórslegnu burtför sinni af leiksviði lífsins?“³⁸

Rómantískt skáld er leikari á sviði lífsins og hann ætlar að leika harmleik. Tilfinningalífið gefur honum góða möguleika af því að hann er hræddur við raunverulegt líf sem honum finnst vera „bara leiðinlegt“. Hans 'rauverulegt' líf er nefnilega hið innra tilfinningalífið þar sem allt gerist, á meðan aðgerðaleyfi afmarkar líf hans í raun og veru.

Ímyndir íslensks aðals og raunveruleikinn

Auðsætt er að Þórbergur er að gera að gamni sínu við sjálfan sig á unglungaárum og bræður sína í andanum. Til þess notar hann, samkvæmt Sigríði Rögnvaldsdóttur,³⁹ afstöðumun milli Þórberga tveggja ólíkra sem koma fram í textanum: sögumanns sem segir frá og sögumanns sem sagt er frá.⁴⁰ Afstöðumunurinn sýnist bæði í fjarlægð sögutíma og frásagnartíma og orðaval sögumannsins sem ekki alltaf hæfa hugsunarhætti Þórbergs yngra. Íronían sprettur úr mun á

35 Íslenzkur aðall, bls. 91, sjá líka bls. 92

36 Íslenzkur aðall, bls. 91

37 Íslenzkur aðall, bls. 93

38 Íslenzkur aðall, bls. 91

39 Sigríður 1989

40 Sigríður 1989, bls. 293

löngunum sögupersónunnar og athöfnum hennar.⁴¹ Sigríði finnst að einnig ástin sögupersónunnar er brotin í tvíhyggju Þórbergs unga sem hættir að vinna sem „skítkokkur“ á fiskiskipum og fer í nám á þessum árum sem hann skrifar um: „Han fer að skynja sjálfan sig sem mikilmenni, snilling snillingana, og fyrirlíta þann hversdagslega og lítilláta sjómann sem hann áður var.“⁴² Nú byrjar Þórbergur að mynda sér nýjar hugsjónir og nýjan hugarheim:

Spekingurinn er andleg vera og náttúruleg, í eilífri leit að hinum endanlega og einhlíta sannleika. Skítkokkurinn er á hinn bóginn ófullkomin kynvera í leit að tímabundnum eða stundlegum sannindum og fullnægju.⁴³

Og þá er mjög skynjanlegt af hverju getur rómantíkus ekki nálgast stúlkunna sinna: „kvensemin tilheyrir kynmenninu, ástin skáldinu. Að *snerta* stúlkuna sem hann *elskar* er því útilokað, í því felst þverstæða.“⁴⁴

„Ég held að hann hafi gert þetta til að græða á mér,“ sagði Árnís Jónsdóttir þegar hún var spurð um hvað henni fannst um bókina.⁴⁵ En hún þarf ekki að gremjast. *Íslenskur aðall* er ekki bók um hana.⁴⁶ Það er bók um rómantíska draumóramenn sem hafa lítin tengsl við rauveruleikann, dýrka ímyndir og hugsjónir sínar og nota þær einnig til sjálfsblekkingu og afsökunar þegar þeir einungis þora⁴⁷ ekki t.d. að fylgja kalli ástarinnar. Það er ekki hún sem er að skína sem stjarna í bókinni, heldur draumar sögumannsins sem hann vill ekki eyðileggja með veruleikanum.

Og þá er vel hugsanlegt að titill þýðinga er líka rétt og íslenskur titill, ef við skiljum hann ekki of orðrétt: sögumaður er *á leiðinni til elskunnar sinnar*, en elskan er ekki nein stúlka frá bænum í Hrutafirði. Elskan er draum, ímyndun sögumannsins sem hann reynir að persónugera í gegnum stúlkuna sem ekki alltaf hæfir vel í stórkostlegu myndina hans. Var það kannski þess vegna að Arnísi gramdist þegar hún las bókina?

41 Sigríður 1989, bls. 296

42 Sigríður 1989, bls. 299

43 Sigríður 1989, bls. 300

44 Sigríður 1989, bls. 301

45 Halldór 2006, bls. 117

46 Samkvæmt Halldóri Guðmundssyni er vel hugsanlegt að Þórbergur hafi í bókinni sinni skrifað frekar um Sólrúnu sem hefði verið raunveruleg ást í lífi hans. (Halldór 2006, bls. 142)

47 Það er varla svo stór munur á því hvort þau bara „þora ekki“ eða „geta/vilja ekki“ (eins og Sigríður reynir að sýna).

Heimildir

Árni Sigurjónsson o.fl. 2006. *Íslensk bókmenntasaga. 4. Ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík.*

Sigríður K. Rögnvaldsdóttir. 1989. „Brotin heimsmynd : um sýnd og reynd í Íslenskum aðli og Ofvitanum.“ Í *Tímarit Máls og menningar* 1989: 291-306

Bandle, Oskar. 1976. „Íslenzkur aðall als Boheme-Roman.“ In *Minjar og menntir : afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. desember 1976*. Ritstjóri Guðni Kolbeinsson. Menningarsjóður, Reykjavík. bls. 32-46

Halldór Guðmundsson. 2006. *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Pétur Gunnarsson. 2007. *ÞÞ í fátæktarlandi. Proskasaga Þórbergs Þórðarsonar*. JPV útgáfa, Reykjavík.

Soffía Auður Birgisdóttir. 2001. „Sannleikur í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarsson.“ Í *Heimur skáldsögunnar*. Ástráður Eysteinnsson ritstýrði og ritaði formála. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, [Reykjavík]. bls. 273-284

Soffía Auður Birgisdóttir. 2008. *Þórbergur Þórðarson: Æviferill*. Sótt 17.9.2008 af http://thorbergur.is/index.php?option=com_content&task=view&id=14&Itemid=47

Wikipedia. 2008. Þórbergur Þórðarson. Sótt 17.9.2008 af http://is.wikipedia.org/wiki/Þórbergur_Þórðarson

Þórbergssetur Hala í Suðursveit - Cultural Heritage Centre. Framkvæmdastjóri Þorbjörg Arnórsdóttir. Hali: Þórbergssetur, [2006].

Þórbergur Þórðarson. 1992. *Íslenzkur aðall*. Reykjavík: Mál og menning.